

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um tekjur og tekjustofna Ríkisútvarpsins ohf.

Frá Ragnheiði Ríkharðsdóttur.

1. Hvernig voru heimtur útvarpsgjalds einstaklinga annars vegar og lögaðila hins vegar á árinu 2009?
2. Hefur ráðherra íhugað að fella niður útvarpsgjald á lögaðila?
3. Þar sem Ríkisútvarpið ohf. nýtur opinberra styrkja í gegnum útvarpsgjaldið er þá skilgreint í þjónustusamningi með hvaða hætti útvarpið á að veita þjónustu í almannabágu? Samræmist þetta EES-samningnum?